# Samantekt stjórnar Íslandsbanka hf. um hlutafjáreign hluthafa og atkvæðisrétt þeirra

Í samræmi við 4. mgr. 84. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, leggur stjórn Íslandsbanka hf. eftirfarandi samantekt fyrir aðalfund bankans.

Hlutafé Íslandsbanka hf. er kr. 10.000.000.000. Hlutafé skiptist í 2.000.000.000 hluti hver að nafnvirði fimm (5) krónur eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Hlutafé bankans tilheyrir allt einum flokki hlutafjár.

Réttur hluthafa Íslandsbanka hf. til að greiða atkvæði er í samræmi við hlutafjáreign þeirra. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs hlutafjár. Eigin bréf bankans njóta ekki atkvæðisréttar. Þann 23. febrúar 2024 átti bankinn alls 30.014.331 hlut.

Á vef bankans er birtur listi yfir þá hluthafa sem eiga 1% af hlutafé eða meira, sem í dag eru 14 hluthafar[1] en heildarfjöldi hluthafa bankans er rúmlega 11.000. Íslenska ríkið er stærsti hluthafi bankans með 42,5% hlut, næststærsti hluthafinn er Gildi lífeyrissjóður með 7,87% hlut[2].

Kópavogur, 29. febrúar 2024

Stjórn Íslandsbanka

[1] Íslandsbanki ekki talinn með.
[2] Eigin bréf ekki tekin með í útreikningi hlutfalls.